



Reykjavík, 10. apríl 2024

USK23110144

TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Samgöngur og borgarhönnun, Bílastæðasjóður

Tillaga um áframhaldandi heimild til frávika frá reglum um íbúakort

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að framlengja tímabundna heimild til að víkja frá reglum um íbúakort sem var upphaflega samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði þann 15. nóvember 2023 og í borgarráði þann 16. nóvember 2023.

Heimildin gildi til 30. ágúst 2024.

Greinargerð:

Vegna áframhaldandi eldsumbrota á Reykjanesi er ljóst að Grindvíkingar geta ekki snúið aftur til heimila sinna á næstunni. Því er lagt til að sú heimild til frávika frá reglum um íbúakort sem var samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði þann 15. nóvember 2023 og borgarráði 16. nóvember 2023 og síðar framlengd með samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði þann 24. janúar 2024 verði framlengd þar sem margir Grindvíkingar eru enn staðsettir í ýmsu tímabundnu húsnæði í Reykjavík. Eins og staðan er í dag eru um tuttugu íbúakort í notkun skv. þessari undanþágu, en voru um þrjátíu við síðustu framlengingu.

Líkt og í upprunalegri tillögu er gert ráð fyrir að undanþágan nái til:

- kröfu um að að hafa lögheimili innan íbúakortasvæðis, staðfesting á tímabundinni búsetu dugir
- skilyrða um að að hámarki eitt íbúakort sé gefið út á hverja íbúð.
- skilyrða um að ekki sé gefið út íbúakort ef stæði er innan lóðar.
- gjaldskrár íbúakorta.

Að öllu óbreyttu er ekki gert ráð fyrir frekari framlengingu á undanþágunni umfram þetta. Verði tillagan samþykkt verða núverandi handhafa íbúakorta sem veitt eru með þessari undanþágu upplýstir um framlenginguna og hvort þörf er á aðgerðum að þeirra hálfu.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir



Reykjavík



samgöngustjóri

Hjálagt: Tillaga um tímabundna heimild til frávika frá reglum um íbúakort vegna neyðarástands dags. 13. nóvember 2023.



Reykjavík



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar, Bílastæðasjóður

Tillaga um tímabundna heimild til frávika frá reglum um íbúakort vegna neyðarástands

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita Bílastæðasjóði, tímabundið vegna ríkjandi neyðarástands, heimild til að víkja frá reglum um íbúakort dags. 19. mars 2021, með það að markmiði að íbúar með lögheimili í Grindavík með tímabundna búsetu innan íbúakortasvæða borgarinnar geti fengið íbúakort án greiðslu.

Heimildin gildir frá samþykkt til 31. janúar 2024.

Greinargerð:

Ljóst er að neyðarástand ríkir. Íbúar Grindavíkur hafa þurft að yfirgefa heimili sín vegna hættu á eldgos. Margir íbúar Grindavíkur hafa þurft að flytja í tímabundin húsnæði þess vegna, sumir í sér húsnæði og aðrir inni á heimilum vina og ættingja, jafnvel vandalausra. Með þessari tillögu er lagt til að íbúar með lögheimili í Grindavík með tímabundna búsetu innan íbúakortasvæða geti sótt um íbúakort.

Gert er ráð fyrir að undanþágan nái til:

- kröfu um að að hafa lögheimili innan íbúakortasvæðis, staðfesting á tímabundinni búsetu dugir
- skilyrða um að að hámarki eitt íbúakort sé gefið út á hverja íbúð.
- skilyrða um að ekki sé gefið út íbúakort ef stæði er innan lóðar.
- gjaldskrár íbúakorta.

Verklag verður unnið á grundvelli þessarar samþykktar til að tryggja samræmda meðhöndlun óska en gert er ráð fyrir að tekið verði á móti óskum í gegnum netfangið upplýsingar@reykjavik.is.

Lagt er til heimildin gildi frá samþykkt til og með 31. janúar 2024. Í janúar verður athugað hvort tilefni sé til að framlengja og/eða endurskoða heimildina.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri



Reykjavíkurborg